

## Menningardagur í Kópavogi 16. maí

### Bókasafn Kópavogs

#### Sögustund, ljóðalestur og gamansögur

**Kl. 13:15** Sögustund fyrir börn í barnadeild. Farið verður með ágríp af sögu Kópavogs.

**Kl. 14:00** Kópavogsskald flytja ljóð á Listatúni.

**Kl. 15:15** Sögustund fyrir börn í barnadeild. Farið verður með ágríp af sögu Kópavogs.

Sýning á myndum Önnu Maríu Cornett er opin á 1. hæð Safnahúss.

### Náttúrufræðistofa Kópavogs

#### Nýuppstoppaðir fuglar og náttúrufræðsla

**Kl. 13:00** Nýuppstoppaðir fuglar verða afhjúpaðir. Á safnanótt í febrúar s.l. var Brynja Davíðsdóttir hamskeri að störfum á Náttúrufræðistofunni. Var hún að vinna við þrjá fugla og verða þeir teknir til sýningar í Náttúrufræðistofu Kópavogs.

**Kl. 15:00 Fossvogur, fjörur og ferðalangar.** Erindi um lífríki og skipulag á Skerjafjarðarsvæðinu. Erindið flytur Haraldur Hrafn Ingvason.

### Salurinn

#### Kóp City Bitch

**Kl. 18:30** Fögnuð sumrinu í forsal Salarins með Sögu Garðarsdóttur, atriði úr Konubörnum og Karó, sigurvegara Söngkeppni framhaldsskólanna. Dagskrá í umsjón hinnar stórskemmtilegu Steineyjar Skúladóttur.

Í anddyri Salarins er sýning um frumkvöðla á meðal kvenna í Kópavogi. Sýningin er sett upp í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna.

### Héraðsskjalasafn Kópavogs

- Í samvinnu við Sögufélag Kópavogs

#### Fræðsluganga

**Kl. 11:00** Fræðsluganga um vögg Kópavogs, Marbakkasvæðið. Fjallað verður um upphaf þéttbýlis, frumbýlinga, hernám, pólitík og átök við Seltirninga. Lagt af stað frá leikskólanum Marbakka. Göngunni lýkur á upphafsstað. Áætlað er að gangan taki um einn og hálfan tíma.

### Gerðarsafn

#### Samsýning, verk Gerðar og tónlistargjörningur

**Kl. 11:00 til 17:00 Birting – samsýning í Gerðarsafni.** Birting er samsýning á verkum eftir íslenska samtímalistamenn sem unnin eru út frá steindum gluggum Gerðar Helgadóttur (1928-1975) í Skálholtskirkju, Kópavogskirkju og víðar. Sýningunni er ætlað að vekja okkur til umhugsunar um staði á borð við söfn og kirkjur og þær athafnir sem þessum stöðum fylgja. Hvort sem um er að ræða formlegar, lágstemmdar eða hátíðlegar framsetningar hafa þær skýr áhrif á skynjun og upplifun áhorfendans. Taktföst form og litasamsetningin einkenna gluggainnsetningu Gerðar í Kópavogskirkju og mynda einskonar helgirými flæðandi forms óháð beinum trúarlegum vísunum, en er fremur ætlað að snerta okkur með altækum og tilfinningalegum hætti. „Kirkjuleg“ eða „trúarleg“ þemu munu á sama hátt víkja fyrir víðtækari áherslum þar sem dregnir eru fram samannlegir, andlegir, fyrirbærafræðilegir eða dulspekilegir þættir í verkum listamanna samtímans.

*Listamenn auk Gerðar Helgadóttur (1928-1974) eru Guðrún Kristjánsdóttir (f. 1950), Erla Þórarinsdóttir (f. 1955), Guðrún Benónýsdóttir (f. 1969), Hekla Dögg Jónsdóttir (f. 1969), Dodda Maggý (f. 1981), Lilja Birgisdóttir (b. 1983), Katrín Agnes Klar (f. 1985) og Ingibjörg Sigurjónsdóttir (f. 1985). Sýningarstjóri er Kristín Dagmar Jóhannesdóttir.*

**Kl. 11:00 til 17:00 Gerður í Safnaðarheimilinu Borgum.** Í safnaðarheimili Kópavogskirkju eru nú til sýnis verk eftir Gerði Helgadóttur. Meðal verka eru steindir gluggar sem tekist var að bjarga úr kirkju sem rifin var niður í Düsseldorf í Þýskalandi ásamt tillögum Gerðar að altaristöflu í Kópavogskirkju.

### **Kl. 16:00 Doríon: Vídeó- & tónlistargjörningur eftir Doddu Maggý ásamt Kvennakórnum Kötlu.**

*Verkið tekur um 40 mín. í flutningi.*

Vídeó- & tónlistargjörningurinn *Doríon* eftir Doddu Maggý er sérstaklega saminn fyrir Kópavogskirkju í tilefni sýningarinnar *Birting* sem sett verður upp í Gerðarsafni á Listahátíð 2015. Tónverkið er unnið í náinni samvinnu við Kvennakórinn Kötlu undir stjórn Hildigunnar Einarsdóttur og Lilju Daggar Gunnarsdóttur. Uppbygging tónverksins tekur mið af formi og litum í steindum gluggum Gerðar Helgadóttur (1928-1975), arkitektúr kirkjunnar og bogadregnum línunum sem einkenna kirkjuholfið. Raddsvið manneskjunnar tekur á sig sjónrænt form í vídeóverki Doddu Maggýjar þar sem litapalletta tónskalans leggur undir sig rýmið í samtali við gluggainnsetningu Gerðar í kirkjunni.

Dodda Maggý (f. 1981) lauk MFA námi frá Konunglegu listakademíunni í Kaupmannahöfn árið 2009. Á sama tíma og hún vann að MFA-gráðu sinni stundaði hún nám við Nordic Sound Art (tveggja ára MFA- nám sem er skipulagt af Det Kongelige Danske Kunstakademi, Konsthögskolan í Malmö, Kunsthøgskolen í Oslo og Kunstakademiet í Trondheim) þar sem hún lagði sérstaka áherslu á tengsl tónlistar og myndlistar.

## **Tónlistarsafn Íslands**

### **Sitt lítið af hverju**

**Kl. 12:15.** Nemendur tölvuvers Tónlistarskólans í Kópavogi verða með tónleika.

**Kl. 13:15.** Ljóðalestur. Hrafn A. Harðarson, fyrrverandi bæjarbókavörður.

**Kl. 13:45.** Elín Dröfn Jónsdóttir tónlistarkona flytur þrjú lög.

## **Smáraskóli**

## **Fjölmenningarhátíð**

**Kl. 11:00 til 13:00.** Þjóðdansar sýndir, söngatriði flutt og skólahljómsveit Kópavogs mætir á svæðið. Foreldrar og börn kynna sína fjölbreyttu menningu.

Eldri borgurum bæjarins boðið að koma hingað og kynna listir og handverk, jafnvel til sölu.

## **Myndlistafélag Kópavogs**

### **Samsýning, opið hús og léttar veitingar**

**Kl. 9:00 til 17:00.** Myndlistafélagið í Kópavogi verður með samsýningu að Auðbrekku 28-30, 3.hæð.

**Rúta á milli viðburða á 15 mín fresti allan daginn.**

#### **Auðbrekka 4 - ART 11. Opin vinnustofa.**

Álfheiður Ólafsdóttir  
Anna Hanson  
Dagbjört Guðmundsdóttir  
Fríður Gestsdóttir  
Guðmunda Kristinsdóttir  
Gunnhildur Ólafsdóttir  
Hjördís Henrysdóttir  
Hrönn Björnsdóttir  
Kirsten Lárusdóttir  
Lilja Bragadóttir  
Vigdís Bjarnadóttir  
Þóra Friðriksdóttir

#### **Auðbrekka 6 - NORMEX húsið. Opnar vinnustofur.**

Áslaug Benediktsdóttir  
Charlotta Sverrisdóttir  
Daiva Leliene  
Derek Mundel  
Gerður Hannesdóttir  
Gréta Erlendsdóttir  
Guðbjörg Sigmundsdóttir  
Guðný Andrésdóttir  
Guðrún Helga Gestsdóttir  
Hafdís Benediktsdóttir  
Hanna Pálsdóttir  
Ingibjörg Ottósdóttir  
Margrét H. Hauksdóttir  
Martina Guðsteinsson  
Sigfríður Lárusdóttir  
Sigurbjörg Einisdóttir  
Stefanía Jörgensdóttir  
Unnur Birgisdóttir  
Vilborg Traustadóttir

Þóra Einarsdóttir

**Auðbrekka 28 – 30.** Opin vinnustofa.

Helga Ástvaldsdóttir  
Sólrún Halldórsdóttir

**Smiðjuvegur 74, 3. hæð ( Gul gata )** Opin vinnustofa.

Aðalsteinn Eyþórsson  
Ásta R. Ólafsdóttir  
Dagmar Agnarsdóttir  
Helga Sigurðardóttir

**Dalvegur 16c. Gallerí Dalvegur 16c. Samsýning**

Finnbogi Kristinsson  
Jón Adólf Steinólfsson  
Karen Esther Gorter  
Þuríður Ósk Smáradóttir

**Kársnesbraut 102.** Opin vinnustofa.

Bjarni Sigurbjörnsson  
Ragnheiður Guðmundsdóttir

**Sýningar:**

**ANARKÍA listasalur, tvær myndlistasýningar**

Ólöf Björg Björnsdóttir  
Ragnheiður Guðmundsdóttir

**Auðbrekka 28 – 30. Myndlistafélag Kópavogs . Samsýning**

Aðalsteinn Eyþórsson  
Ásdís Þórarinsdóttir  
Dagmar Agnesdóttir  
Friðrik Jónsson  
Fríður Gestsdóttir  
Gerður Hannesdóttir  
Gréta Erlendsdóttir  
Guðbjörg Sigmundsdóttir  
Guðlaug Friðriksdóttir  
Guðrún Benedikta Elíasdóttir  
Guðrún Helga Gestsdóttir  
Hafdís Benediktsdóttir  
Hanna Pálsdóttir  
Heiðrún Þorgeirsdóttir  
Helga Ástvaldsdóttir  
Helga Sigurðardóttir  
Hrönn Björnsdóttir  
Ingibjörg Ottósdóttir  
Kristín Tryggvadóttir  
Kristín Þorkelsdóttir  
Lilja Bragadóttir

Magnús Jóhannsson  
Margrét Hafdís Hauksdóttir  
Ólöf Jóna Guðmundsdóttir  
Sigrún Óladóttir  
Sigurbjörg Einisdóttir  
Sólrún Halldórsdóttir  
Thulin Johansen  
Unnur Birgisdóttir  
Vilborg Traustadóttir  
Þorgeir Helgason